

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland ehf. KVM við Gullhelli Hafnarfjörður



Umhverfis-
og orkustofnun

Dags eftirlits	1.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Colas Ísland ehf. KVM við Gullhelli	Eftirlitsmaður	
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64.039991 -22.009075

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum komu fram í eftirlitinu einnig var sett fram ein ábending um það sem betur má fara.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með malbikunarstöð Colas Ísland hf. - KVM þann 1. desember 2025. Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Stöðin er nú staðsett að Gullhelli 1 í Hafnarfirði og starfsleyfið er frá 31. mars 2021.

Dagskrá eftirlitsins:

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Kynning á fylgiskjöllum
3. Umfang starfseminnar
4. Trygging vegna bráðamengunar
5. Afsogsloft og lykt
6. Skorsteinn
7. Innra eftirlit og vöktun
8. Græntbókhald, losunarbókhald, ársskýrsla
9. Áhættumat
10. Kvartanir
11. Vettvangsferð

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Ein eldri ábending og tvö frávik voru opin þegar farið var í eftirlitið.

Ábendingin varðaði að rekstraraðili þurfti að endurtaka sýnatöku og mælingar á útblásturslofti og gera við göt á girðingu sem umlykur stöðina. Í eftirlitinu kom fram að búið er að lagfæra girðinguna. Varðandi sýnatökuna hafa skv. rekstraraðila verið gerðar fjórar tilraunir til sýnatöku án árangurs. Gert er ráð fyrir að nýr og afkastameiri hreinsibúnaður verði settur upp fyrir vorið.

Annað frávikið er frá kröfum í grein 3.7 í starfsleyfi varðandi það að olía og svifagnir í frárennsli mældust árið 2022 yfir losunarmörkum. Í eftirlitinu kom fram að þvottaplan stöðvarinnar er tengt olíuskiljunni þar sem notuð eru bæði hreinsiefni, tjöruhreinsir og háþrýstidætur. Rekstraraðila var því bent á að skoða hvort olíuskiljan sé rétt hönnuð miðað við notkun. Frávikin er því ekki lokað.

Hitt frávikið er frá kröfum í grein 4.7 í starfsleyfi. Grænt bókhald vegna ársins 2022 hafði ekki borist. Bókhaldið hefur nú borist stofnuninni og frávikin því lokað.

2. Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðila voru send fylgigögn með boðun eftirlitsins. Farið var yfir þessi fylgigögn í eftirlitinu. Kynnt var breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar, leiðbeiningar um olíuskiljur, gagnagrunnur um mengaðan jarðveg, breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits, heimild stofnunarinnar til álagningar stjórnvaldssekta og gjaldskrá stofnunarinnar.

3. Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að framleiða allt að 240 tonn/klst en raunveruleg framleiðslugeta er á bilinu 180-190 tonn/klst. Einnig eru á stöðinni geymdir um 50 rúmmetrar af olíu, 100 rúmmetrar af biki og íblöndunarefni í bömbum, að hámarki um 30 tonn. Þessi efnageymsla rúmast innan marka starfsleyfisins.

4. Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði tryggingaskírteini í eftirlitinu.

5. Afsogsloft og lykt

Samkvæmt starfsleyfi skal vera til áætlun um rekstur hreinsibúnaðar. Slík áætlun er miðlæg fyrir allar stöðvarnar.

6. Skorsteinn

Samkvæmt starfsleyfi skal skorsteinninn vera að minnsta kosti 34 m hár. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er skorsteinninn 34 metrar að hæð.

7. Innra eftirlit og vöktun

Ekki var farið yfir innra eftirlit og vöktun í eftirlitinu.

8. Grænt bókhald, losunarbókhald, ársskýrsla

Grænu bókhaldi fyrir 2024 var skilað of seint.

Grænu bókhaldi fyrir 2023 var skilað of seint.

Rekstraraðili hefur undanfarin ár skilað einungis einu sameiginlegu grænu bókhaldi fyrir allar starfstöðvar og ekki með raunverulegum tölum. Skila skal grænu bókhaldi fyrir hvert og eitt starfsleyfi og skal það innihalda raunverulegar tölur fyrir hvert og eitt starfsleyfi.

Engar mælingar á útblæstri voru framkvæmdar árið 2025 sem er frávik frá starfsleyfi.

Engar mælingar á útblæstri voru framkvæmdar árið 2024 sem er frávik frá starfsleyfi.

Frárennslismælingar sem framkvæmdar voru 2024 sýndu að niðurstöður voru innan marka í starfsleyfi. En frárennslismælingar árið 2025 sýndu að svifagnir voru yfir mörkum í starfsleyfi sem er frávik.

9. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

10. Kvartanir

Stofnuninni hafa ekki borist kvartanir vegna starfseminnar en talsvert hefur borist af lyktarkvörtunum til rekstraraðila og hefur rekstraraðili upplýst stofnunina um alvarlegar kvartanir.

11. Vettvangsferð

Gengið var um lóðina. Tveir neyslugeymar eru á lóðinni. Við þá eru árekstrarvarnir öðru megin en þeim er ábótavant baka til. Einnig er á lóðinni úrgangsolíugeymir án árekstrarvarna.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.

Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024.

Gr. 3.7 í starfsleyfi.

Í starfsleyfi eru sett losunarmörk fyrir olíu og svifagnir í fráveitu. Samkvæmt niðurstöðum úr frárennslismælingum fyrir árið 2025 voru svifagnir yfir mörkum.

Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur gegn olíumengun frá starfsemi á neyslugeyma.

landi.

Á lóðinni eru tveir neyslugeymar án fullnægjandi árekstrarvarna.

Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs gegn olíumengun frá starfsemi á lausageyma.
landi. Á lóðinni er úrgangsolíutankur án árekstrarvarna.

ÁBENDINGAR

Í eftirlitinu kom fram að í olíuskiljuna er tengt frárennsli frá þvottaplani þar sem notuð eru hreinsiefni, tjöruhreynsir og háþrýstidælur. Rekstraraðila var því bent á að skoða hvort olíuskiljan sé rétt hönnuð miðað við notkun.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2025



Kristín Kröyer